

**Ed.**

**155. Breytingartillögur**

[101. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og avinnuöryggis.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr.

a. 2. mgr. orðist svo:

Álagning á vörum í heildsölu og smásölu má eigi hækka að krónutölu frá því, sem var 1. nóvember 1970. Sama gildir og um hvers konar álagningu á selda vinnu eða þjónustu.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svofelld:

Hlutaðeigandi verðlagsyfirvöldum er skylt að endurskoða til lækkunar verð á öllum vörum og þjónustu, þar sem auknar niðurgreiðslur á vöruverði eftir 1. nóv. 1970 hafa að einhverju leyti áhrif á framleiðslukostnað, svo sem verðlag á matsöluhúsum. Enn fremur er sömu yfirvöldum skylt að endurskoða verðlag á vörum og þjónustu, sem að undanfögnu hefur ekki verið háð verðlagsákvæðum.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

3. Við 4. gr. Greinin falli niður.

4. Við 5. gr. Greinin falli niður.

5. *Varatillaga*, nái framangreindar breytingartillögur ekki samþykki:

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svofelld:

Kjarasamningum milli verkalyðsfélaga og samtaka vinnuveitenda, sem samkvæmt ákvæðum þeirra er ætlað að gilda til 1. okt. 1971 eða lengur, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.